

Vísnavöld í Breiðfirðingabúð:

Þann 4. október nk. verður efnt til vísnavölds í Breiðfirðingabúð. Þar verður kveðskaparhefðin skoðuð frá ýmsum hliðum. Samkoman hefst með því að Þórður Helgason dósent flytur fyrirlestur um rímnahefðina. Þórður mun að þessu sinni einkum staldra við 19. öldina og varpa ljósi á þá umræðu sem þá fór fram um rímur á þeim tíma. Þá var sem kunnugt er tekist á um ýmiss konar sjónarmið og rímurnar urðu fyrir aðkasti frá ýmsum áhrifamiklum mönnum.

Hagyrðingar munu koma fram og skemmta gestum. Lesin verða valin ljóð (og skemmtileg), vísur verða sungnar og kveðnar, kynnt verður efni sem fjallar um vísnahefðina, settir verða fram fyrripartar til að botna og gestirnir fá þannig tækifæri til að taka þátt í dagskránni.

Bókaverðlaun verða veitt fyrir bestu botnana.

Dagskráin verður í léttum dúr. Tilgangur samkomunnar er að vísnaunnendur komi saman og skemmti sér við kveðskap, söng, glens og gaman. Stjórnandi samkomunnar er **Ragnar Ingi Aðalsteinsson**.